

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir		23.200 kr.
Fyrirtæki:	a)	23.200 kr.
	b)	63.800 kr.
	c)	116.400 kr.
	d)	213.500 kr.
	e)	416.500 kr.
	f)	631.600 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 17. febrúar og 25. febrúar 2010.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.
Gjaldskrá nr. 310/2009 fellur úr gildi frá sama tíma.

Skútustaðahreppi, 25. febrúar 2010.

Guðrún M. Valgeirsdóttir sveitarstjóri.